

**Fráveita****Gildir frá 01.01.2022**

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Fráveitugjöld eru undanþegin virðisaukaskatti.

**Fráveitugjöld:**

Svæði	Sveitafélag	Fast gjald	Grunnur	Fermetra-gjald	Grunnur
Veituvæði I	Reykjavík	12.262	kr/matseining/ári	473,29	kr/m <sup>2</sup> /ári
Veituvæði II	Akranes	12.262	kr/matseining/ári	473,29	kr/m <sup>2</sup> /ári
Veituvæði III	Borgarbyggð	16.247	kr/matseining/ári	627,00	kr/m <sup>2</sup> /ári

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli frá gjaldskyldum aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða fráveitunnar, svo sem sértækrar hreinsunar eða breytinga í kerfinu. Er þá innheimtur raunkostnaður sem hlýst af viðkomandi aðgerð.

**Skýringar:**

Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign í samræmi við ofangreind lög.

Fyrir fasteignir í landi Krosslands í Hvalfjarðarsveit gildir sama gjald og á Akranesi.

Álögð fráveitugjöld nema að hámarki 0,5 % af fasteignamati viðkomandi eignar.

Gjalddagar álagðra fráveitugjalda er 2. virkur dagur mánaðar. Álagning í upphafi árs deilist í 9 greiðslur frá febrúar til október. Hægt er að óska eftir einum gjalddaga sem þá er 2. júní.

Heimilt er Veitum að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

**Tengigjöld í Reykjavík og á Akranesi:**

Svæði	Tengigjald <sup>1</sup>	Grunnur
Norðlingaholt	419.181	kr/lóð
Ný hverfi, þar sem tengingar eru til staðar inn á lóð	478.419	kr/lóð

<sup>1</sup> Verðin miðast við tvöfalda 150 mm tengingu við lóðamörk og fyrstu tengingu inn á lóð, lóðarhafar greiða raunkostnað fyrir umframtingingar og stærri tengingar.

Fyrir stakar lóðir, þar sem tenging er ekki til staðar t.d. vegna þéttingar byggðar, greiðir lóðarhafi raunkostnað af nýrri tengingu við virkt fráveitukerfi.

Hafi lóðarhafi eða verktaki á hans vegum lagt tengingu undir eftirliti Veitna greiðir hann fyrir tengistút við safnkerfi 91.703 kr./lóð.

**Skýringar:**

Tengigjöldin miðast við byggingarvísitölu desember 2021 og uppfærast 1. hvers mánaðar miðað við þá vísitölu.

Tengigjöld í Borgarbyggð eru innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.

**Þjónustugjöld:**

Seðilgjald eða tilkynningar- og greiðslugjald bætist við eftir því sem við á samkvæmt verði á hverjum tíma en það byggist á raunkostnaði. Jafnframt bætist við gjald vegna innheimtuviaðvörðunar ef til vanskila kemur, 20 dögum eftir gjalddaga. Innheimtugjöld miðast við heimildir í reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.